

26. Október 2018

Fréttatilkynning

Til rjúpnaveiðimanna um hófsemi við veiðar og sölubann

Fuglavernd hvetur alla skotveiðimenn til að sýna hófsemi við veiðar í rjúpu í ár, sem fyrri ár, svo stuðla megi að sjálfbærni rjúpnaveiða.

Þá vill Fuglavernd minna á að í gildi er sölubann þannig að óheimilt er að bjóða til sölu, flytja út eða selja rjúpur eða rjúpnaafurðir. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi. Umhverfisstofnun er falið að fylgja því eftir.

Veiðidagar rjúpu 2018

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur metið veiðipól rjúpnastofnsins 2018. Ráðlögð rjúpnaveiði í haust er um 67 þúsund fuglar, en hún var á síðasta ári 57 þúsund fuglar. Stofnunin leggur áherslu á að hvergi verði slakað á í þeirri viðleitni að draga sem mest úr heildarafföllum rjúpunnar.

Veiðidagar árið 2018 eru 15 og skiptast á fimm helgar, frá föstudegi til sunnudags og hefst veiði síðustu helgina í október sem hér segir:

Föstudaginn 26. október til sunnudags 28. október, þrjú dagar.

Föstudaginn 2. nóvember til sunnudags 4. nóvember, þrjú dagar.

Föstudaginn 9. nóvember til sunnudags 11. nóvember, þrjú dagar.

Föstudaginn 16. nóvember til sunnudags 18. nóvember, þrjú dagar.

Föstudaginn 23. nóvember til sunnudags 25. nóvember, þrjú dagar.

Veiðiverndarsvæði suðvestanlands

Á vef [Umhverfis- og auðlindaráðuneytis](#) kemur fram að líkt og undanfarin ár er veiðiverndarsvæði á SVlandi.

Sjá einnig: [Kort af veiðiverndarsvæði rjúpu suðvestanlands.](#)

Um svæðið segir í reglugerð 800/2005: “Allar rjúpnaveiðar eru óheimilar innan svæðis sem birt er í viðauka I við reglugerð þessa og markast í norðri af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Mosfellsbæ, austurhluta Mosfellsheiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi og Skálafells og Skálafellshálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og Kjósarhreppi. Hið friðaða svæði í Skálafelli og Skálafellshálsi markast af Kjósarskarðsvegi (48) frá vegamótum við Þingvallaveg (360) að vegamótum við Meðalfellsveg (461) og þaðan að brú á Svínadalsá og er ánni síðan fylgt að mörkum Reykjavíkur um Svínaskarð. Norðurhluti svæðisins markast síðan af Þingvallavegi frá gatnamótum Kjósarskarðsvegar að Grafningsvegamótum og þaðan af línu sem dregin er í austur frá Grafningsvegamótum í Þingvallavatn. Svæðið markast í austri af Þingvallavatni og fylgir síðan austurbakka Sogs og Ölfusár til sjávar.”

Sölubann á rjúpu og hófsemi veiðimanna

Markmið veiðistjórnunar á rjúpu er að veiðar verði sjálfbærar þannig að komandi kynslóðir geti stundað veiðar. Veiðistjórnun snýst því að vissu leyti um það langtímasjónarmið að vernda veiðistofna til framtíðar. Undanfarin ár hefur fyrst og fremst verið lögð áhersla á þrjú atriði í veiðistjórnun. Sóknardögum hefur verið fækkað verulega, sölubann á rjúpu og rjúpuafurðum var komið á og biðlað var til veiðimanna um að sýna hófsemi á rjúpnaveiðum.

Sölubann á rjúpu er í gildi skv. [reglugerð 800/2005](#) sem eru breytingar á [reglugerð 456/1994](#) og eiga þær sér stoð í [lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994](#).

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með veiðum og hér má [skrá sig inn á vef Umhverfisstofnunar](#). Þar skila skotveiðimenn veiðiskýrslum árlega, óháð því hvort eitthvað var veitt eða ekki og sótt um og endurnýjuð veiðikort.

Þá viljum við minna á öryggi veiðimanna á veiðslóð og bendum á [Vef Safetravel.is](#) þar sem veiðimenn geta skilið eftir ferðaáætlun.

Hófsemi veiðimanna er lykillinn að sjálfbærum rjúpnaveiðum.

Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Meðfylgjandi er mynd: Rjupa_DB_1024_kort2013.jpg

Ljósmyndari: Daníel Bergmann

Nánari upplýsingar veitir:

Jóhann Óli Hilmarsson | Fuglafræðingur | 567 3540 | 892 0299 | johannoli@johannoli.com